



Stjórn SSH 340. fundur

Mánudaginn 5. október 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Músson og Sigurbjörn Hjaltason.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Formaður bauð Pálma Músson bæjarstjóra Álftaness velkominn til starfa á vettvangi SSH.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. Skíðasvæðin – fjárhagsáætlun 2010.

Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR sat fundinn undir þessum lið.

Farið var yfir fyrirbyggjandi upplýsingar um rekstur skíðasvæðanna á þessu ári og rætt um möguleg framlög aðildarsveitarfélaganna til reksturs og framkvæmda á næsta ári sbr. fyrirbyggjandi samstarfssamning.

Niðurstaða:

Stjórn SSH fagnar góðum árangri og útkomu við rekstur skíðasvæðanna á þessu ári. Ljóst er að núverandi fjárhagsstaða sveitarfélaganna og brýn þörf á aðhaldi og niðurskurði við gerð fjárhagsáætlana fyrir komandi ár gefur ekki svigrúm til framlaga á næsta ári í samræmi við ákvæði samstarfssamningsins. Því telur stjórn SSH nauðsynlegt að fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir næsta ár byggji á sömu forsendum og almennt er unnið með hjá aðildarsveitarfélögunum, þ.e. að reiknað verði með 5 – 10% lækkun á framlögum sveitarfélaganna m.v. árið 2009.

2. Málefni Strætó bs. – endurskoðun á stofnsamþykktum.

Á fundinn mætti Arnar Jónsson stjórnsýsluráðgjafi frá ParX og gerði grein fyrir vinnu sinni við greiningu leiða vegna endurskoðunar á stofnsamþykktum Strætó bs. sbr. samþykkt stjórnar á 338. fundi, 17. ágúst sl.

Niðurstaða:

Stjórnarmenn voru sammála um að AJ vinni áfram á grundvelli þeirra hugmynda sem kynntar voru á fundinum og setji fram mótaðar tillögur sem hægt verði að kynna sem umræðugrundvöll hjá aðildarsveitarfélögunum sem fyrst.



3. Aðalfundur SSH 2009.

Rætt var um fyrirkomulag aðalfundar SSH og ársfundi byggðasamlaganna.

Umræðu um 4.-7. lið á dagskrá fundarins var frestað og ákveðið að halda aukafund föstudaginn 9. október nk. til að ræða og afgreiða þau mál.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00